

ÁRSSKÝRSLA 2016



Íslendingar eru


brjálaðir

AFS Á ÍSLANDI
Skiopholt 50C 4tv
105 Reykjavík

☎ (+354) 552 5450

info-isl@afs.org
afs.is
facebook.com/skiptinemi

Uppsetning: Hvergi Slf.
Myndir: Aníta Eldjárn, starfsmenn, sjálfboðaliðar AFS, og fleiri



EFNISYFIRLIT

STJÓRN OG STARFSFÓLK.....	3
FRÁ FORMANNI	4
FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA	5
SKIPTINEMAR.....	6
FRÁ SKRIFSTOFUSTJÓRA	8
SJÁLFBODALIÐI Á SKRIFSTOFU.....	9
SJÁLFBODALIÐAÞRÓUN OG MENNINGARLÆSI.....	10
MYNDIR ÚR STARFI AFS	11
FLUTNINGAR.....	11
NORÐURLANDSDEILD	12
VESTURLANDSDEILD	13
REYKJAVÍKURDEILD	14
LÍF OG FJÖR - MYNDIR ÚR STARFI	16
ÁRSREIKNINGUR	18

AFS Á ÍSLANDI 2015-2016

STJÓRN OG STARFSFÓLK



▲
Starfsfólk skrifstofu AFS
frá vinstri: Hildigunnur, Marín Björt, Sólveig Ása,
Agnes Vala og Guðmundur



▲
Rúnar Skúli Magnússon
Formaður
Skiptinemi í Mexíkó 2005-2006



▲
Gylfi Ólafsson
Varaformaður
Skiptinemi í Ekvador 2001-2002



▲
Halldóra Guðmundsdóttir
Gjaldkeri
Skiptinemi í Brasilíu 1991-1992



▲
Lára Herborg Ólafsdóttir
Ritari
Skiptinemi á Nýja Sjálandi 2005



▲
Erla Salome Ólafsdóttir
Formaður Norðurlandsdeildar
Skiptinemi í Argentínu 2014-2015



▲
Alma Dóra Ríkarðsdóttir
Formaður Reykjavíkudeildar
Skiptinemi á Ítalíu 2011-2012



▲
Haukur Harðarson
Skiptinemi í Bandaríkjunum
2003-2004



▲
Ólafur Óli Ólafsson
Skiptinemi Dóminíska
Lýðveldinu 2008-2009



▲
Þór Ásgeirsson
Faðir sendra nema og
fósturfaðir erlends nema

Stjórn Hollvina AFS á Íslandi 2016

Erlendur Magnússon, formaður
Guðrún Björk Bjarnadóttir
Þorvarður Gunnarsson

TEXTI

Rúnar Skúli Magnússon
Formaður AFS á Íslandi



Nú lýkur öðru formannsári mínu hjá AFS á Íslandi og kominn tími til að horfa yfir farinn veg. Samtökin halda áfram að vera í fremstu röð. Íslenskir sjálfbóðaliðar eru áberandi á alþjóðavettvangi og hafa samtökin aldrei verið virkari í starfinu á alþjóðavísu.

Ný skrifstofa

Á árinu varð langþráður draumur að veruleika. AFS flutti í nýtt húsnæði. Það hefur lengi verið vilji þeirra sem standa að félaginu að finna því betri stað. Húsnæði okkar í Ingólfsstræti hafði þjónað okkur vel um árabíl, en uppfyllti ekki allar breyttar þarfir félagsins.

Með flutningum í Skippholtið getum við nú boðið starfsfólki og sjálfbóðaliðum félagsins upp á stórbætta aðstöðu. Rýmið er einstaklega sveigjanlegt og sett upp með það í huga að hægt sé að aðlagð það eftir þörfum. Húsnæðið gerir okkur einnig kleyft að halda stærri fundi og námskeið í húsnæðinu en áður var hægt.

Með þessari nýju skrifstofu höfum við einnig stórbætt aðgengi fyrir alla. Næg bílastæði eru við húsið, stutt er í almenningssamgöngur og nú loksins getum við einnig boðið upp á aðgengi fyrir fatlaða.

Öflugt sjálfbóðaliðastarf

AFS eru sjálfbóðaliðasamtök og því skiptir öllu máli að við leggjum okkur fram við að rækta það góða starf sem núþegar fer fram. Nú hefur Marín Björt verið ráðin í starf fræðslustjóra, en hún hefur verið öfl-

FRÁ FORMANNI

ugur sjálfbóðaliði hjá samtökunum, bæði hérlendis og erlendis. Þetta er hluti af því að styrkja sjálfbóðaliðastarfið enn frekar.

Stjórn hefur jafnframt lagt sig fram við að taka virkari þátt í starfinu, meðal annars með því að halda vinnufundi á komunámskeiðinu, auk þess sem stefna er tekin á að endurvekja starfsdag samtakanna á næsta ári. Lára Herborg, ritari stjórnar, fór jafnframt á Volunteer Summer Summit (VSS) í sumar og kynntist því frábæra starfi sem þar fer fram.

Á næsta ári mun stærsti viðburður EFIL (European Federation for Intercultural Learning, regnhlífarsamtök AFS í Evrópu), Volunteer Summer Summit verða haldinn á Íslandi í fyrsta skiptið. Hópur Íslenskra sjálfbóðaliða hafa unnið hörðum höndum við að þessi viðburður verði hér, enda hefur Ísland verið mjög áberandi bæði í hópi þáttakenda sem og skipuleggjenda viðburðarins síðustu ár. Stjórn AFS á Íslandi hefur samþykkt að styrkja viðburðinn fjárhagslega og stuðla þannig að því að halda gjöldum til þáttakenda í lágmarki.

Á árinu tók Ragnar Þorvarðarson, fyrrum formaður samtakanna, sæti í alþjóðastjórn AFS. Þar mun hann hjálpa til við að móta framtíð AFS og var eitt af hans fyrstu verkum í stjórn að taka þátt í ráðningu nýs forseta AFS á heimsvísu. Ég vil nýta tækifærið og óska honum innilega til hamingju með þennan mikla heiður.

Úr starfi stjórnar

Á síðasta ári var mikil endurnýjun í stjórn. Öflugir sjálfbóðaliðar bættust í hópinn og komu með ferska strauma. Húsnæðismál settu vissulega mikinn svip á þetta árið en þó var ýmislegt fleira sem kom inn á borð stjórnar.

Skólamálin eru eins og oft áður í brennidepli. Mikill niðurskurður í menntakerfinu síðustu ár hefur snert okkur í auknu mæli. Erfiðara hefur reynst að fá pláss fyrir þá nema sem koma hingað til lands í ákveðnum skólum. Samband AFS við skóla er

gífurlega mikilvægt og því skiptir miklu máli að bregðast hratt við og finna leiðir til þess að tryggja okkar nemum sæti í skólum landsins.

Nú í lok starfsárs var ákveðið að fara í endurskoðun á verðskrá félagsins. Markmiðið er að einfalda verðskrána og gera skiptinámið aðgengilegt fyrir sem flesta. Þannig munu samtökin bjóða upp á lækkuð þátttökugjöld til ákveðinna áfangastaða sem styðja við markmið AFS hverju sinni. Eins og undanfarin ár er áhersla lögð á lönd í Austur Evrópu bæði til að stemma stigu við fordómum, en ekki síður til styðja við AFS samtök í þessum löndum sem mörg hver eru að stíga sín fyrstu skref.

Stjórn ákvað einnig á árinu að setja upp rammaáætlun varðandi gerð fjárhagsáætlana. Markmiðið er að stjórn setji sér skýrari ramma um hvernig haga eigi gerð fjárhagsáætlunar. Þannig verði fest í sessi hversu mikinn varasjóð félagið á að hafa, og hvernig bregðast eigi við ef varasjóður er hærri eða lægri en lagt er upp með. Varasjóður miðast við rekstrarkostnað félagsins og því breytist viðmiðunarpæði eftir almennu verðlagi og gengi. Með þessu er markmiðið að koma í veg fyrir að félagið safni óvenju miklum varasjóði, en jafnframt að við tryggjum rekstrargrundvöll félagsins þegar illa árar. Rammaáætlunin er til viðmiðunar og bindur því ekki ákvarðanatöku næstu stjórnar.

Takk fyrir mig

Nú eru komin 10 ár síðan að ég kom heim úr skiptináminu mínu. Á þessum tíma hef ég nánast samfleytt átt hlutverk í stjórnun innan félagsins. Nú er kominn tími til þess að stíga til hliðar og hleypa nýju fólki að.

Á þessum 10 árum hef ég verið með ótal marga hatta innan samtakanna og er stoltur að hafa tekið þátt í að móta hvernig samtökin eru í dag. Undanfarin ár hafa innviðir samtakanna styrkst umtalsvert og sést það best í sterku sjálfbóðaliðastarfi og sterkri skrifstofu.

Guðmundur Gunnarsson
Famkvæmdastjóri



NÝTT UPPHAF - STERK STAÐA

Það er eiginlega hálf óraunverulegt að hugsa til þess að það sé ekki nema rétt rúmt ár síðan ég hóf störf á skrifstofu AFS. Eiginlega hálf fáránlegt. Ef satt skal segja þá hefur þetta verið ein allsherjar rússíbanareid frá fyrsta degi. Þetta hefur verið erfitt, krefjandi, yfirþyrmandi á stundum; en umfram allt alveg brjálæðislega skemmtilegt. Hér gæti ég slegið um mig með fleygri setningu sem lýsir því hvernig AFS gleypir mann og heltekur - því það hefur sannarlega gerst í mínu tilfalli - en ég er búinn að heyra svo margar útgáfur af þessari víðfrægu tilvitnun að ég kann ekki við að gera upp á milli.

Ný hárgreiðsla

Ég vissi harla fátt um nokkurn skapaðan hlut sem snéri að AFS þegar ég tók þetta starf að mér - um það getur samstarfsfólk mitt vitnað - en ég vissi þó að skrifstofa AFS stóð á ákveðnum tímamótum. Mátarstólpar í starfslíðinu að hverfa á braut og afar brýnt að mynda aftur öflugt teymi sem allra fyrst. Við sem eftir stóðum áttuðum okkur fljótlega á því að þessi staða bauð jafnframt upp á frábært tækifæri til að stokka upp, endurraða og hugsa hlutina upp á nýtt. Rugla aðeins í hárinu á AFS skrifstofunni sem ef til vill var búin að vera með sömu hárgreiðsluna aðeins of lengi. Með þetta að leiðarljósi settumst við niður, nýja teymið, og skoðuðum öll verkefni og endurmátum vinnulagið. Hvað gerum við

vel og hvar getum við styrkt okkur. Upp úr þessu unnum við svo nýtt skipurit sem miðar að því að brjóta niður gamla múra milli sendra nema og hýstra og hugsa um skiptinámið sem eina heild. En jafnframt leggja aukna áherslu á stórkostlegt sjálfböðastarf samtakanna og gefa öllu þessu kraftmikla fólki meiri gaum. Það var svo út frá þessari vinnu sem við kláruðum að manna skrifstofuteymið og raða í stöður.

Sterk liðsheild

Ég ætla bara að leyfa mér að fullyrða að þessi endurskipulagning skrifstofu AFS hafi tekist ótrúlega vel. Ekki bara vegna breytinga á skipuriti eða skiptingu verkefna. Orð á blaði segja aldrei alla söguna. Meginástæða þess að vel tókst til er sú að samtökin eru, og hafa verið um langt skeið, alveg einstaklega lánsöm með starfsfólk. Núverandi starfshópur samanstendur samt af mjög ólíkum einstaklingum. En það sem þessir ólíku einstaklingar eiga sameiginlegt er að þeir eru allir alveg einstaklega færir á sínum sviðum og metnaðargjarnir. Saman myndum við þetta teymi sem hefur styrkst og vaxið alveg gríðarlega á stuttum tíma. Það hefur verið hrein unun að fylgjast með því. Á skrifstofu AFS stöndum við frammi fyrir krefjandi verkefnum alla daga. Mörg þeirra taka mikið á og það reynir stundum á eininguna í hópnum. Það er óhjákvæmilegur hluti af okkar starfi.

En við erum samt komin á þann stað núna að geta farið að byggja ofan á sterkan grunn sem tryggir að AFS á Íslandi mun áfram standa fyrir gæði en jafnframt halda áfram að vaxa og dafna. Og þetta á við um bæði starfsfólk og sjálfböðaliða.

Á hverjum einasta degi

Fyrir rúmu ári síðan hafði ég frekar óljósar hugmyndir um hugsjónir AFS og tilgang. Ég hafði auðvitað kynnt mér söguna og mátað þessar pælingar við mitt skiptinemaár. En í dag er ég mun staðfastari í trú minni á tilgang AFS. Í dag treysti ég mér til að standa upp hvar og hvenær sem er og kinnroðalaust fullyrða að með störfum okkar og vinnuframlagi séum við sannarlega að bæta heiminn og stuðla að heimsfriði. Í alvöru talað. Þetta er bara staðreynd og ég sé það gerast í smáum en áhrifaríkum skrefum á hverjum einasta degi. Ég sé það á skiptinemunum. Ég sé það á foreldrum þeirra, fósturfórelldrum og aðstandendum. En umfram allt þá sé ég það á óþrjótandi eldmóði sjálfböðaliðanna. Á hverjum einasta degi. Verum ófheimin við að halda þessu á lofti og bera höfuðið hátt. Við höfum efni á því.

TEXTI

Sólveig Ása B. Tryggvadóttir
Deildarstjóri

Hildigunnur Magnúsdóttir
Félagsráðgjafi



SKIPTI- NEMAR

Deild nema

Breytingar voru gerðar á starfsárinu á skipulagi skrifstofu og hlutverkum starfsfólks. Stærsta breytingin er sú að í stað þess að skipta AFS nemum niður í hýsta og senda nema vinna þessar deildir saman með báða hópa [eða prógrömm] í einni deild nema.

Eins og framkvæmdarstjóri lýsir voru tækifæri til breytinga á þessu starfsári. Fordæmi að þessari deildaskipan er ekki ný á nálinni og með auknu alþjóðasamstarfi AFS á Íslandi og þá sérstaklega við EFIL (European Federation of Intercultural Learning) hefur AFS á Íslandi fylgst með þróun á öðrum skrifstofum sem margar vinna eftir svipuðu módeli. Við tókum hugmyndir annarstaðar frá og aðlöguðum að okkar landslagi sem og eftir styrkleikum starfsfólks. Eftir breytingu vinnur því deildarstjóri að utanumhaldi á öllum prógrömmum; þ.e. samskipti við samstarfslönd, þróun prógramma, allt umsóknarferli og kynningu á prógrömmum. Annað stöðugildið mun svo sjá um stuðning við nema og foreldra. Eins og undanfarin ár mun skrifstofustjóri sjá um bókun fluga fyrir nema sem fara utan, áritunarmál, breytingu á prógrömmum sem og að stýra og sjá um greiðsluferfi AFS.

Við trúum því að þetta fyrirkomulag muni hjálpa skrifstofunni að þróast í rétta átt. Það var mjög hollt en jafnframt krefjandi að brjóta niður verkefnin og endurskipuleggja. Prógrömm AFS hafa ætíð verið frekar ráðandi í öllu starfi og í raun byggist allt starf í kringum þau. Með þessu fyrirkomulagi sjáum við fram á góða samvinnu og aukið rými til að styðja enn frekar við nemana okkar, fjölskyldur þeirra og sjálfboðaliða sem að þeim koma. Enn fremur að tækifæri skapist til að skoða fleiri prógrömm og bjóða upp á fleiri valmöguleika þegar kemur að skiptinámi.


Stuðningur við nema og fjölskyldur

Stuðningur við nema og fjölskyldur hefur í gegnum árin aukist og gerð er krafa um gott og virkt stuðningskerfi AFS. Á vorkmánuðum var Hildigunnur Magnúsdóttir ráðin til starfa með þetta í huga. Hildigunnur er félagsráðgjafi og hennar helsta verkefni innan samtakanna er að halda utan um stuðningskerfi AFS, það er sinna stuðningi við bæði senda og hýsta nema. Sá stuðningur felst að miklu leyti í ráðgjöf til nema og fjölskyldna þeirra sem og samstarfi við AFS skrifstofur erlendis þar sem sendu nemarnir okkar dvelja. Hildigunnur mun einnig vinna í nánú samstarfi við fræðslustjóra AFS á námskeiðum fyrir nema og foreldra.

Hýstir nemar

Í ágúst 2015 komu 37 erlendir nemar til landsins frá 23 þjóðríkjum og eru þetta í við fleiri nemar en komið hafa síðastliðin ár. Aðsókn til Íslands var mjög mikil. Því miður náðist ekki að finna heimili fyrir alla nema í tíma og var því einn nemi hjá bráðabirgða fjölskyldu til þess að byrja með. 34 nemar voru hér í tíu mánaða skólaprógrammi og þrír í þriggja mánaða dvöl á European Citizenship Trimester Programme (ECTP) prógrammi. Af erlendu nemunum voru 20 búsettir á höfuðborgarsvæðinu og voru svo 17 nemar búsettir á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Varmahlíð, Selfossi, Grundarfirði, Búðardal, Neskaupsstað, Fljótdalshéraði, Reykjanesbæ og á Ísafirði. Dagskrá var með hefðbundnu móti og vel var haldið utan um allt starf af dyggum sjálfboðaliðum. Veturinn var frekar erilsamur og héldu 5 nemar fyrr heim bæði vegna brota á reglum sem og vegna heimþrjár og 4 nemar skiptu um fjölskyldur.

Hvert erum við að senda?



Fjölskylduöflun sumar 2016

Fjölskylduöflun fyrir næsta hóp gekk ágætlega og náðist að finna öllum nemum fjölskyldu 3 vikum fyrir komu (sem er lágmark samkvæmt gæðastöðlum alþjóðasamtaka AFS). Dreifingin um landið var einkar góð og eru 22 af 34 hýstum nemum nú búsettir á landsbyggðinni, en meira af því í næstu skýrslu.

Sendir nemar

Alls fóru 87 nemar utan á mismunandi prógrömmum hjá AFS á Íslandi þetta starfsárið. Á sumarbrottför fóru 72 nemar, 10 nemar fóru í ECTP 3 mánaða prógramm og tveir í hálfárs dvöl. Á vetrarbrottför í ársbyrjun 2016 fóru 11 nemar. Að auki fóru 4 nemar í tveggja vikna tungumála námskeið á Englandi sumarið 2015. Í ár sendum við stærsta hópinn, eða 13 nema til Ítalíu á bæði ECTP og ársprógramm. Næst flestir fóru svo til Bandaríkjanna eða 12 nemar.

Þetta er aukning frá síðasta starfsári en helsti munurinn er aðsókn í styttri prógrömm eins og til dæmis 3 mánaða ECTP dvöl, enda er hér um mjög góðan valkost að ræða sem hentar eflaust mörgum betur en langt prógramm.


Fjölbreytni í landavali

AFS á Íslandi hefur alltaf reynt að leggja áherslu á fjölbreytileika í landavali nema og með niðurskurði enskumælandi áfangastaða sem alltaf hafa verið vinsælir verður þetta verkefni ennþá mikilvægara. Við höfum séð mikla aukningu á áhuga á Argentínu og Ítalíu sem eru traust og góð samstarfslönd.


AFS á Íslandi hefur unnið að því síðastliðin ár að auka samstarf milli nýrra AFS landa í Evrópu; Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu, Póllandi, Króatíu, Slóveníu og Slóvakíu.

Við tókum á móti í fyrsta skiptinemanum frá Bosníu og Hersegóvínu síðasta vetur og sendum sömuleiðis frumkvöðul frá Íslandi til Serbíu. AFS hefur styrkt nema sem fara utan til þessara landa til þess að auka fjölbreytileika í landavali, auk þess sem við erum stolt af því mikla og góða starfi sem þar er unnið af félögum okkar.

Erlendu nemarnir okkar



Fjöldi sendra nema



TEXTI

Agnes Vala Bryndal
Skrifstofustjóri



FRÁ SKRIFSTOFUSTJÓRA

Síðasta ár hefur verið viðburðarríkt að venju hjá AFS, við höfum gengið í gegnum heilmiklar breytingar sem í byrjun voru erfiðar en til lengri tíma litið hafa þær reynst okkur öllum farsælar. Farið var í heilmikla uppstokkun þar sem verkefni starfsmanna voru endurskilgreind og hefur það reynst farsælt skref. Viðbótin við starfsmenn skrifstofu var einnig nauðsynlegt og velígrundað skref sem hefur gefið okkur öllum tækifæri til að sinna störfum okkar betur. Við erum líka betur undir það búin að grípa bolta þegar á þarf að halda sem og að geta einbeitt okkur að okkar eigin verkefnalista sem er þétt riðinn alla daga.

Við teljum okkur vera búin að sníða af alla vankanta á greiðslusamningabætti Upplýsingakerfis AFS (UKA). En það er mikilvægur þáttur áður en farið verður í frekari þróun kerfisins sem miðar að því að koma á tengingu á milli þess og bókhaldskerfisins sem hýst er hjá DK kerfum. Þetta næsta skref mun krefjast mikillar nákvæmni og talsverðrar yfirlegu frá hendi aðalbókara og skrifstofustjóra þar sem teikna þarf upp alla verkþætti áður en við leggjum það inn í forritun hjá Premis. Þetta er spennandi verkefni og vonandi tekst okkur að vinna það að mestum hluta á næsta tímabili.

Skrifstofustjóri sótti röð námskeiða í vetur á yfirstandandi námskeiðaröð AFS Academy í Búdapest í Ungverjalandi dagana 14 til 20 febrúar 2016. Meðal námskeiðanna var örnámskeið um hvernig skuli

beina umsækjendum til staða sem flokkast sem óhefðbundnir. AFS á Íslandi hafði þegar hafið þannig herferð með innkomu nýrra áfangastaða s.s níu og Herzegovínu, Serbíu, Slóveníu o.s.frv. sem mælst hefur vel fyrir meðal þátttakenda en þar kemur einnig til fastur styrkur, niðurgreiðsla sem gerir þessi staði að vænlegum kosti m.a fyrir efnaminni umsækjendur.

Tvö önnur og lengri námskeið sem skrifstofustjóri sat voru “How to advocate for your AFS Organization” og “Creating great partnerships through Educator & School Relations” þessi tvö námskeið tengdust mjög innbirgðis en “Advocacy” var stór þáttur í því síðara. Það er skemmst frá því að segja að þar sem við erum hér heima á frumstigi, hvað varðar tengsl okkar og framgöngu við yfirvöld menntamála, þegar kemur að mati á skiptinemaárinu þá var mikill lærdómur í því falin að heyra hvað kollegar okkar margir hafa náð langt hvað þetta varðar á sínum heimavelli. Við þurfum í rauninni ekki að finna upp hjólið í þessum efnum heldur getum við byggt á reynslu kollegana og þá straumínulagað ferlið að okkar veruleika og náð góðum árangri með lítilli fyrirhöfn sem væri til hagsbóta, ekki bara fyrir nemana heldur mun það efla okkur sem menningar- og menntasamtök. Það er von mín að við getum farið í það sem fyrst að setja saman virka nefnd í þessum efnum sem styrkir tengsl okkar enn frekar við íslenska mennta- og menningarkerfið.

Þessir dagar í Búdapest opnuðu augu mín enn frekar gagnvart því hvað við sem alþjóðleg samtök erum flottur þverskurður af menningu heimsins og hvað við getum verið sterk rödd á alþjóðavísu ekki síst nú þegar að krepur í svo mörgum löndum þessa heims sem við byggjum jú öll saman og ættum að geta lifað í sátt og samlindi bara með því að vera opin fyrir fjölbreytileika hvers annars. Ég læt hér að lokum fylgja mynd af mér og Zu Mian vinkonu minni frá Malasíu sem póstaði þessari mynd á tveitir viðburðasíðu AFS Academy með undirtextanum “Ebony and Ivory @ AFSacademy”.





Marín Björt Valtýsdóttir
Fræðslustjóri



SJÁLFBODALIÐAÞRÓUN OG MENNINGARLÆSI

Í nóvember 2015 tók fræðslustjóri til starfa hjá AFS á Íslandi en þetta er nýtt stöðugildi hér á landi og byggir á erlendri fyrirmynd þar sem staðan kallast Organization Development Coordinator. Helstu verkefni fræðslustjóra er að halda utanum sjálfbodaliðamál, þjálfun, European Voluntary Service (EVS) og menningarlæsi.

Sjálfbodaliðar og þjálfun

Á liðnu starfsári hefur sjálfbodaliðastarfið einkenst af vexti og aukinni starfsemi. Sérstök áhersla hefur verið á að sinna deildum á landsbyggðinni og styðja þær í sínu starfi. Þar ber helst að nefna Vesturlandsdeild AFS á Íslandi sem nú er komin á legg og hýsir 6 skiptinema. Þess utan er unnið að því að kortleggja sjálfbodaliðastarfið en markmiðið er að koma öllum virkum sjálfbodaliðum inn á AFS World Café (sem er nýr samskipta- og upplýsingavefur AFS) fyrir lok árs.

European Voluntary Service - EVS

AFS á Íslandi er farið að reiða sig á að hafa EVS sjálfbodaliða innan skrifstofu til að vinna með sjálfbodaliðum og stuðla að gleði innan samtakanna. EVS sjálfbodaliðar eru styrktir af Erasmus+ ungmennaáætlun Evrópusambandsins. AFS á Íslandi sækir um þennan styrk til Evrópu unga fólksins bæði til að hýsa EVS sjálfbodaliða og senda okkar sjálfbodaliða út á vegum áætlunarinnar.

Tveimur lokaskýrslum fyrir EVS sjálfbodaliðadvöl var skilað á starfsárinu fengust báðar samþykktar og ríkir almenn ánægja með EVS prógrammið.

AFS tók á móti EVS sjálfbodaliða í febrúar frá Tékklandi, henni Michaelu Svobodová, sem verður hjá okkur í 12 mánuði. Á næsta umsóknarfresti verður umsókn skilað inn um að hýsa tvo EVS sjálfbodaliða í 12 mánuði. Ef styrkur fæst munu þessir tveir sjálfbodaliðar annars vegar vinna

að bættu menningarlæsi innan og utan samtakanna og hinsvegar sinna sjálfbodaliðum og þjálfunum. Við sjáum einnig fram á að senda einn sjálfbodaliða til AFS í Lettlandi í 6 mánuði ef umsókn fæst samþykkt í gegnum landskrifstofu Erasmus+ í Lettlandi.

Menningarlæsi

Á liðnu starfsári var haldið áfram með þá góðu vinnu sem hefur farið fram varðandi menningarlæsi síðustu ár. Gengið var úr skugga um að í öllu okkar efni og námskeiðum sé skýr þáttur sem snýr að menningarlæsi. Auk þess var lögð frekari áhersla á að efla almenna þekkingu sjálfbodaliða AFS á menningarlæsi og skoða hvernig hægt sé að fræða aðra. Þessi aukna umræða og þjálfun í menningarlæsi hefur leitt til þess að fleiri minni smíðjur eru haldnar sérstaklega í menningarlæsi innan samtakanna. Enn fremur geta fleiri sjálfbodaliðar þjálfað aðra í menningarlæsi.



Marín sótti námskeið í Egyptalandi með alþjóðlegu samstafsólki sínu



Fræðslustjórar norðurlandanna í Egyptalandi

TEXTI

Michaela Svobodová
EVS sjálfboðaliði



EVS SJÁLFBODALIÐI FRÁ TÉKKLANDI

Sæl og blessuð!

Ég heiti Michaela, ég er frá Tékklandi og ég er EVS sjálfboðaliði í skrifstofu AFS frá Mars 2016. Af því að vil ég að skrifa um vinna mín, það er betri ef ég skrifa í ensku. En ég reyna að læra meira íslensku!

Doing the European Voluntary Service program in AFS á Íslandi is many things - it is an amazing learning experience, it is both fun and stressful at times, it certainly is a big step into adulthood for me. It is an incredible opportunity that I feel grateful for getting.

I am now the second EVS volunteer at AFS á Íslandi in a row and since there have been quite a few changes at the office in the past year, my role here was not very specific and structured upon arrival. With amazing support from the staff members, we worked out what would my tasks and projects and so in the past 7 months, I have been busy putting together the new Nafnleysa newsletter, organizing the library, preparing Intercultural Dialogue Day, and helping out wherever else I was needed.

Since my stay ends in March, we also spent some time with Marín thinking what do we want to do with the EVS project in the future. Getting inspiration from other AFS partners and using the experience we have, we created 2 specific EVS positions starting in 2017. One of these EVSers will focus on intercultural education and

implementing it into various places within the organization. The other EVSers will work closely with volunteers, making sure they have an educational, continuous and fun experience and all the support and tools they need. I really hope both these projects work out well but mostly, I hope the volunteers' experience will be as positive as mine is.

Working at the office is a key part of the EVS program but another important aspect is the life in a foreign country. Even though I have been on an AFS exchange, this stay abroad is very different mostly because I am now supposed to be an independent adult (which sounds way

more serious than it really is). So I am taking this valuable life lesson and hoping it will indeed help me transform from a student to a productive member of the society. I pay rent, do my laundry and cook my meals so I think so far, it is working.

I would be thrilled to see more Icelandic volunteers going on EVS programs as I can testify to what a great influence they can be especially on a young adult. And I am happy to see AFS á Íslandi taking part in the EVS and planning on keeping it up. Það er svo gaman að vinna með þið. Takk fyrir mig!



▲ Michaela á ferð um Ísland

FLUTNINGAR

Í mars 2016 kvöddum við Ingólfstræti 3 sem hefur haldið utan um blómstrandir AFS starf hátt í tvo áratugi. Við fluttum í Skipholt 50C þar sem nýir tímar og betri aðstaða tekur við.



▲ Spánarfara haust 2016

▲ Alma Dóra fyrir utan höfuðstöðvar UNESCO í Frakklandi á "UNESCO 9th Youth Forum on Sustainability and Climate Change"



▲ Elín á EFIL námskeiðinu „Active citizenship in the refugee crisis“ í Ungverjalandi

▲ Giulia ásamt fösturmömmu sinni



▲ Hópur af erlendum nemum á lokadvöl

▲ Forsetaheimsókn á Bessastaði á Menningarhelgi erlendra nema



▲ Sigurrós Elddís á EFIL námskeiðinu "Islam in Europe - between assimilation and rejection" í Belgíu

▲ Hópur sjálfboðaliða sem fór á Volunteer Summer Summit á Ítalíu



TEXTI

Erla Salome Ólafsdóttir
Formaður Norðurlandsdeildar

NORÐURLANDSDEILD

Starfsár AFS á Norðurlandi var ansi viðburðaríkt enda vorum við með metfjölda nema á okkar snærum. Á Akureyri bjuggu þau Theo frá Nýja Sjálandi, Yoichi frá Japan og Giulia og Bea frá Ítalíu. Rétt fyrir utan Akureyri, á Hrafnagili bjó hún Raphi frá Austurríki og á Ólafsfirði bjó Moise frá Frakklandi. Hún Fon frá Taílandi bjó svo á sveitabæ fyrir utan Varmahlíð.

Við byrjuðum árið með ansi öflugum Welcome night í lok ágúst eins og venja er, þar komu saman skiptinemandir okkar, fjölskyldur þeirra, tengiliðir og stjórn AFS á Norðurlandi. Þetta er alltaf góð leið til að brjóta ísinn og leyfa öllum þeim sem koma að starfinu til að kynna áður en allt fer af stað.

Þegar við hittum krakkana okkar í fyrsta skipti vorum við viss um að þetta ár yrði skemmtilegt og eftirminnilegt!

Fyrsti viðburður vetrarins voru réttir í sveitinni hans Gylfa. Þar stukku krakkarnir út í íslensku djúpu laugina, fóru á hestbak og stóðu sig eins og hetjur.



Hin árlega ferð í jólahúsið var næst á dagskrá og við fórum þangað í september. Það vakti mikla lukku hjá öllum, jólasveinarnir, arinninn og skrautið en það sem vakti þó sérstaklega lukku voru karamellurnar og fóru akureyrsku skiptinemandir ófáar ferðir á næstu mánuðum til að versla þær. Í október var svo farið með skiptinemana í hvalaskoðun í fyrsta sinn. Ambassador á Akureyri ákvað að bjóða þessum fínu krökkum með sér í ferð og olli það ekki vonbrigðum. Við fórum svo líka suður til Keflavíkur til að taka þátt í 6-Week Camp AFS. Þar skemmtum við

okkur vel, allir voru ánægðir að hitta vini sína, Bea fékk afmælisöku og íslensk tónlist fékk að njóta sín í bílnum á leiðinni þökk sé Theo.

Í nóvember var haldinn International Dinner þar sem hver og einn skiptinemi kom með mat frá sínu heimlandi og sjálfboðaliðar komu með íslenskan mat. Við fengum að smakka pasta carbonara, pizzu, sushi, núðlur, pavlovu og margt fleira. Það fóru allir sáttir og saddir heim eftir þetta kvöld.

Í febrúar kom að Akureyrarhelginni með tilheyrandi tilstandi. Margra vikna undirbúningur var orðinn að veruleika og það var hvorki meira né minna en 100% þátttaka hjá skiptinemunum. Við fórum í Mývatnssveit og skoðuðum þar náttúruperlur, borðuðum pizzu og heimsóttum jarðböðin. Við fórum í sveitaheimsókn þar sem lið tókust á í rúllubaggarúlli og við fengum að smakka mjólk beint úr kúnni. Við fórum líka í eftirminnilegan Scavenger Hunt leik þar sem nemarnir pöntuðu sér kaffi undir fölsku nafni, fengu eiginhandarátitanir frá mönnum að nafni Jón og sungu íslenskar vöggvísur. Helgin gekk vonum framur og voru allir nemarnir til fyrirmyndar.

Í byrjun apríl fórum við í Íþróttahúsið í Hrafnagili í leiki. Þar sem ákveðið skiptinemaekenni getur verið of mikil afslöppun ákváðum við að fara og hreyfa okkur almennilega, sumir voru með meira keppnisskap en aðrir en allt fór þó vel að lokum.

Seinnipartinn í apríl rættist svo draumur margra, bæði skiptinema og sjálfboðaliða þegar við fórum í hundasleðaferð til Mývatns. Við fengum að kynna hundum, sitja á sleðanum og aðstoða við að stýra. Meira að segja fólk með hundaofnæmi tók þátt og fannst það vel þess virði.

Í maí útbjuggum við bæklinga sem verða vonandi endurnýttir og hjálpa til við fjölskylduöflun. Þeir voru hannaðir af Karólínu Rós Ólafsdóttur og heppnuðust mjög vel. Við fórum þrjú kvöld í dreifingu þar sem við gengum hús úr húsi á Akureyri og

dreifðum sjálf. Það var mikil vinna en þess virði. Við héldum svo opið hús 12.maí þar sem fólk úr öllum áttum mætti til að kynna sér starfið.



Á u.þ.b. tveggja mánaða fresti voru haldin kaffihúsakvöld sem voru yfirleitt vel sótt af sjálfboðaliðum og tilvonandi og fyrirverandi skiptinemum. Þar var spjallað um allt á milli himins og jarðar, þó að skiptinemasögur hafi oftast verið mest ræddar. Við hittumst á mismunandi kaffihúsum bæjarins og við héldum meira að segja eitt þemakaffihúsakvöld. Við fjárfestum í þrjónum og garni og kenndum nemunum að þrjóna. Einnhverjir voru nú þegar byrjaðir á sínum eigin lopapeysum svo þeim gekk vel en öðrum gekk frekar brösulega þó svo að þeir hafi örugglega skemmt sér vel!


Í júní var svo haldið fjölmennasta fjölskyldugrill til þessa hjá AFS á Norðurlandi. Við hittumst saman í Kjarnaskógi, fjölskyldur, sjálfboðaliðar og nemandir og grilluðum saman. Þetta fjölskyldugrill hefur verið á hverju ári undanfarin ár og er orðið einskonar kveðjukvöld. Nemarnir höfðu meira að segja útbúið stutt myndband þar sem þeir gerðu óspart grín að sjálfboðaliðunum og færðu okkur blóm.

Í júní héldum við mjög skemmtilegt undirbúningsnámskeið fyrir tilvonandi skiptinema. Það var gaman að sjá muninn á þeim yfir helgina, hvað þau urðu opnari og hvað þau lærðu mikið. Við vonum að þau hafi fengið góða þekkingu út úr námskeiðinu sem þau geta nýtt sér á meðan að dvölinni standur.

Við skemmtum okkur mjög vel á þessu viðburðaríka ári og við hlökkum til starfsársins 2016-2017.

Jónína Kristín Guðmundsdóttir
Formaður Vesturlandsdeildar

VESTURLANDSDEILD



▲ Erlendir nemar á fjölskylduhelgi Vesturlandsdeildar á Laugum

Vesturlandsdeild AFS var stofnuð í nóvember 2015 af undirritaðri. Strax við stofnun var farið að leggja drög að fjölskylduhelgi AFS sem var fyrsta stóra verkefni deildarinnar og í raun hugmyndin að henni sem ýtti af stað stofnun Vesturlandsdeildar.

AFS fjölskylduhelgin var svo haldin á Laugum í Sælingsdal helgina 4. – 6. mars 2016 og gekk hún vonum framár. Alls tóku um 30 manns þátt í helginni, sjálfboðaliðar þar með taldir.

Á föstudagskvöldinu var farið í nokkra leiki til að kynna og hrista saman hópinn. Á laugardeginum var svo margt brallað, m.a. fyrirlestrar og leikir í tvískiptum hópum, gönguferð um svæðið, farið í sund, eldaður góður matur og svo kvöldvaka um kvöldið þar sem skiptinernarnir fóru á kostum þegar þeir léku furmsamið leikrit "Mjallhvít og skiptinernarnir átta".

Heimferðardagurinn var svo á sunnudeginum. Þá var sofið aðeins lengur, nokkrir skelltu sér í sund fyrir hádegi og svo borðuðum við saman hádegismat áður en allir lögðu hönd á plóg við að ganga frá og þrifa húsið.

Þessi helgi var það vel heppnuð að strax var ákveðið að bóka næstu fjölskylduhelgi á Laugum, sem verður núna 4.-6. nóvember n.k. Í upphafi var fjölskylduhelgin alltaf hugsuð í nóvember til byrja að þétta hópinn, fljótlega eftir 6 week camp, og einnig áður en ECTP nemarnir fara heim. Fyrsta helgin var haldin í mars þar sem hugmyndin kom upp á borðið of seint til að ná henni í nóvember.

Deildin er enn það ný að hún er ekki farin að starfa af fullum krafti en í ljósi þess að nú eru 6 nemar á Vesturlandi er stefnan að búa til skemmtilega dagskrá fyrir vetrinn. Undirrituð tók virkan þátt í fjölskylduöflun í sumar og því líklega met ár í nema fjölda á Vesturlandi.

Í vetur stefnir deildin líka að því að finna fleiri sjálfboðaliða til að taka þátt í störfum deildarinnar og var skemmtileg grein í Morgunblaðinu fimmtudaginn 15. september s.l. þar sem tekið var viðtal við formann Vesturlandsdeildar og einn nema sem býr í Borgarfirðinum. Vonum við að greinin hafi einhver áhrif og við sjáum kannski fleiri áhugasama koma inn í deildina.

Undirbúningur næstu fjölskylduhelgar er að byrja og hlökkum við mikið til vetrarins með okkar nemum.

TEXTI

Alma Dóra Ríkarðsdóttir
Formaður Reykjavíkurdeildar

REYKJAVÍKURDEILD

Starf Reykjavíkurdeildar AFS hefur verið einkar blómlegt síðastliðið ár. Með flutningum í nýtt og stærra húsnæði stækkaði aðstaða sjálfbóðaliðastarfsins. Þrátt fyrir að hafa þurft að kveðja fagra tóna trúbadoranna á Danska barnum á löngum undirbúningskvöldum þá tókum við því fagnandi að hafa eignast stórgott sjálfbóðaliðaherbergi og gott húsnæði sem hýsir nú flesta viðburði deildarinnar. Þar á meðal eru það námskeiðin sem nú hægt að hýsa í Skipholtinu og hafa þegar verið haldin þrjú námskeið þar. Fyrst voru haldin tvö undirbúningsnámskeið þar sem þátttakendur voru rúmlega 30 talsins á hvoru námskeiði, innlendir namar ásamt foreldrum þeirra. Svo nú í lok ágúst var haldið heimkomunámskeið með töluvert færri þátttakendum en bæði námskeiðin heppnuðust gríðarlega vel. Sjálfbóðaliðaherbergið fékk síðan góða yfirhalingu á dögum og eru sjálfbóðaliðar deildarinnar að vinna í því að fylla alla ramma og panta inn húsgögn til að koma okkur almennilega fyrir þar.

Fyrir utan okkar reglubundnu námskeið sem öll hafa gengið mjög vel hefur einnig ýmislegt fleira spennandi verið í gangi innan deildarinnar. Stofnað var Snapchat sjálfbóðaliða á árinu og hafa sjálfbóðaliðar bæði í Reykjavík og um allt land látið það ganga á milli sín til að sýna hvað er að gerast í starfinu að hverju sinni. Þetta hefur gefið alveg frábæra raun og er virkilega gaman að fylgjast með stuðinu. Við hvetjum því alla til að adda sjálfbóðaliðum AFS á Íslandi á Snapchat undir notendanafninu: AFSvolunteerISL. Þar hefur verið mikið sýnt af námskeiðunum okkar og ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum auk þess sem sjálfbóðaliðarnir okkar hafa verið afskaplega duglegir að leggja land undir fót og taka þátt í ýmiss konar viðburðum erlendis.

Stuttu eftir aðalfundinn á seinasta ári var Alma Dóra annar tveggja fulltrúa AFS Intercultural Programs á UNESCO Youth forum í París. Meginþema málpingsins var sjálfbærni og loftslagsbreytingar (e. Sustainability and climate change) en þar hittust yfir 500 ungmenni allstaðar að úr heiminum til að ræða sjálfbæra þróun. Hún flaug svo beint til Danmerkur á Uddannelses Bazar þar sem hún og Ásgeir sátu þjálfanir, Alma í menningarlæsi og Ásgeir í eldhússtjórnun á AFS viðburðum. Marín Björt var einnig þjálfari þar og hittu þau þó nokkra fyrrum nema sem höfðu verið á Íslandi og gerst svo sjálfbóðaliðar úti. Næst fór Úlfur Atli til Estarreja í Portúgal í desember á átta daga námskeið á vegum Erasmus+, „Erasmus code - a program

for everyone.“ Námskeiðið snerist um það hvernig hægt er að fá ungmenni með færri tækifæri til að taka meiri þátt í verkefnum á borð við ungmennaskipti. Í apríl fór Sigurrós Elddís á námskeið í Dilbeek, Belgíu, á vegum EFIL sem bar titilinn „Islam in Europe - Between Assimilation and Rejection“ og lýsir titillinn stöðu margra í dag. Þar var mörgum spurningum velt upp, svo sem út á hvað trúin gangi, af hverju árekstrar verða og hvað við sem fræðslusamtök sérhæfð í menningarlæsi getum gert til þess að hjálpa. Í maí fór Katrín Birna til Danmerkur ásamt Marínu Björt á námskeið sem sem miðaði að því að mennta þátttakendur í menningarlæsisþjálfun á námskeiðum og kynningum AFS heima fyrir. Tuttugu sjálfbóðaliðar AFS á



▲ Hressir sjálfbóðaliðar Reykjavíkurdeildar í Ingólfsstrætinu

Íslandi tóku svo þátt í Volunteer Summer Summit (VSS) í Feneyjum í lok sumars. Þar af var einn meðlimur undirbúnings-teymis, þrír þjálfarar og 16 þátttakendur. Þemað þar var „Peace Education: The challenge of living together“. Sjálfboda-liðarnir okkar tóku þátt í og sáu um margs konar vinnusmiðjur tengdar þemanu. Eins og sjálfboda-liðið AFS er vel kennt þá munum við vera gestgjafar Sumarmótsins að ári og því er þetta frábært veganesti fyrir komandi undirbúning í aðdraganda viðburðarins. Núna síðast var svo Elín Huld Melsteð okkar fulltrúi á námskeiðinu „Active citizenship in the refugee crisis“. Námskeiðið fór fram í Búdapest 21.-28. ágúst og var haldið af Council of Europe og EFIL. Alls voru 27 þátttakendur og 3 af þeim flóttamenn. Rætt var um ástandið í Evrópu í dag og hvað ungmenni geta gert til að bæta ástand heimsins.

Það var nóg um að vera hjá erlendu nemunum okkar sem voru tiltölulega nýlent á síðasta aðalfundi. Reglulega voru haldin þrjónakvöld og mánaðarlegu viðburðirnir (MAMEN) voru af ýmsu tagi. Til að mynda var farið í sjósund, piparkökubakstur, hestaferð og fleira skemmtilegt. Í maí fengu nemarnir svo einstakt tækifæri þegar þau fengu að fara til Norðurfjarðar. Það var hún Sigurrós Elddís sem átti frumkvæðið að ferðinni og skipulagði hana. Hún á ættir að rekja þangað og tóku amma hennar og afi vel á móti hópnum. Amma hennar eldaði fyrir alla og hjálpuðu þau bæði mikið til. Ásamt Sigurrósu voru þær Sólborg og Jóhanna Gréta með í för auk Michaelu, EVS sjálfboda-liðanum okkar. Nemarnir fóru í sauðburð hjá fólkinu í sveitinni og fengu einnig leiðsögn í gegnum Síldarverksmiðjuna í Djúpuvík.

Við tókum einnig þátt á Fundi fólksins í fyrsta sinn núna í september, en hann var

þá haldinn í annað sinn. Fundur fólksins er lýðræðishátíð þar sem stjórnámálemenn, hagsmunasamtök og almenningur fá tækifæri til að hittast, ræða málefni líðandi stundar og hlusta á sjónarmið hvers annars. AFS var með bás ásamt Alþjóðlegum ungmennaskiptum á hátíðinni og voru þetta mjög skemmtilegir dagar þar sem við fengum að kynna okkar sjónarmið fyrir gestum hátíðarinnar.

Við hlökkum mikið til komandi árs hjá Reykjavíkurdeildinni en við erum sérstaklega spennt fyrir samstarfi með öðrum deildum sem fer sífellt fjölgandi um land allt. Það er frábært að sjá hvernig starf deildarinnar vex með hverju árinu sem líður og við bíðum spennt eftir komandi verkefnum og áskorunum.



▲ Sjálfboda-liðar AFS skiptast á að vera með Snapchatið



▲ María og Steinunn Ása voru fulltrúar AFS á Fundi Fólksins í Reykjavík 2016

MYNDIR ÚR STARFI



▲ Sólveig Ása tók þátt í EFIL fundi deildarstjóra á Írlandi



▲ Halldóra á "Spectrum of Education 5" í Tyrklandi



▲ Stjórn Reykjavíkurdeildar AFS



▲ Íslenski hópurinn að taka við lukklómi VSS



▲ Jónína formaður Vesturlanddeildar ásamt syni sínum og AFS fósturdóttur sinni Lily



▲ Stefanía skiptinemi í Ástralíu



▲ Erlendir nemar á ferð um Norðfjörð



▲ Mikið fjör í Norðurlandsdeildinni ▶

AFS Á ÍSLANDI



ÁRSREIKNINGUR 2016

Rekstrarreikningur rekstrarársins 1.8.2015- 31.7.2016

	Skýr.	1.8.2015- 31.7.2016	1.8.2014- 31.7.2015
Rekstrartekjur		154.416.436	139.409.970
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		35.318.325	0
		<u>189.734.761</u>	<u>139.409.970</u>
Rekstrargjöld íslenskir nemar		(71.074.592)	(64.793.414)
Rekstrargjöld erlendra nema		(3.551.757)	(3.903.408)
Rekstrargjöld sendra og hýstra		<u>(74.626.349)</u>	<u>(68.696.822)</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(46.921.028)	(35.980.770)
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		(15.197.711)	(11.498.054)
Annar rekstrarkostnaður		(7.182.719)	(3.361.936)
Samvinna		(1.007.869)	(2.983.045)
Aðildargjöld til samstarfsaðila (INT, EFIL, LÆF)		(4.361.332)	(4.293.328)
Framlög og styrkir til Hollvína		(2.000.000)	(2.403.417)
Afskriftir fastafjármuna	5	(2.378.279)	(1.327.687)
Annar rekstrarkostnaður		<u>(79.048.938)</u>	<u>(61.848.237)</u>
Samtals rekstrarkostnaður		(153.675.287)	(130.545.059)
Fjármunatekjur	4	2.945.660	3.931.099
Fjármagnsgjöld	4	(2.494.480)	(1.436.132)
		<u>451.180</u>	<u>2.494.967</u>
Hagnaður rekstrarársins		<u><u>36.510.654</u></u>	<u><u>11.359.878</u></u>

Efnahagsreikningur 31. júlí 2016

Eignir	Skýr.	31.07.2016	31.07.2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	60.916.549	23.381.758
Lán til AFS, Lettland		1.160.250	0
Lán til AFS, USA		0	1.228.255
		<u>62.076.799</u>	<u>24.610.013</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	34.972.386	22.605.195
Lán til AFS, Lettlandi - næsta árs afborgun		165.750	0
Aðrar skammtímakröfur	6	8.811.247	10.855.269
Handbært fé	6	132.835.439	138.604.508
		<u>176.784.822</u>	<u>172.064.972</u>
Eignir		<u>238.861.621</u>	<u>196.674.985</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Bakhjarlaframlag	7	234.971	234.971
Sérstakur endurmatsreikningur		0	9.676.873
Óráðstafað eigið fé		105.478.131	59.290.604
Eigið fé		<u>105.713.102</u>	<u>69.202.448</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	8	3.704.403	434.282
AFS INT.		3.903.790	2.852.101
Fyrirfram innheimtar tekjur	9	121.300.000	121.656.000
Aðrar skammtímaskuldir	8	4.240.326	2.530.154
		<u>133.148.519</u>	<u>127.472.537</u>
Skuldir		<u>133.148.519</u>	<u>127.472.537</u>
Eigið fé og skuldir		<u>238.861.621</u>	<u>196.674.985</u>

Yfirlit um sjóðstreymi rekstrarársins 1.8.2015- 31.7.2016

	Skýr.	1.8.2015- 31.7.2016	1.8.2014- 31.7.2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður rekstrarársins		36.510.654	11.359.878
Afskriftir		2.378.279	1.327.687
Söluhagnaður fastafjármuna		(35.318.325)	0
Veltufé frá rekstri		<u>3.570.608</u>	<u>12.687.565</u>
Áðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(10.420.914)	18.047.896
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		<u>5.675.982</u>	<u>(3.468.797)</u>
Handbært fé (til), frá rekstri		<u>(1.174.324)</u>	<u>27.266.664</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	5	(60.594.745)	0
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	5	56.000.000	0
		<u>(4.594.745)</u>	<u>0</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(5.769.069)	27.266.664
Handbært fé í upphafi rekstrarársins		<u>138.604.508</u>	<u>111.337.844</u>
Handbært fé í lok rekstrarársins		<u><u>132.835.439</u></u>	<u><u>138.604.508</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

AFS á Íslandi eru félagasamtök og starfa á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir. AFS eru alþjóðleg fræðslusamtök sem starfa í yfir 50 löndum í öllum heimsálfum. Aðalviðfangsefni samtakanna hér á landi eru nemendaskipti ungmenna á aldrinum 15-18 ára.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur AFS á Íslandi fyrir rekstrarárið 1.8.2015 - 31.7.2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flýst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Lokagengi	
	31.07.2016	31.07.2015
Evra (EUR)	132,60	147,50
Bandaríkjadalur (USD)	119,37	134,34
Norsk króna (NOK)	13,94	16,39

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á rekstrarárinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	<u>1.8.2015- 31.7.2016</u>	<u>1.8.2014- 31.7.2015</u>
Laun	37.351.857	29.119.209
Lífeyrissjóður	3.693.088	2.732.491
Önnur launatengd gjöld	4.857.498	2.532.782
Annar starfsmannakostnaður	<u>1.018.585</u>	<u>1.596.288</u>
	<u>46.921.028</u>	<u>35.980.770</u>
Stöðugildi að meðaltali	5	4

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	<u>1.8.2015- 31.7.2016</u>	<u>1.8.2014- 31.7.2015</u>
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	<u>2.945.660</u>	<u>3.931.099</u>
	2.945.660	3.931.099
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Þinglýsingar og stimpilgjöld	(604.000)	0
Kortagjöld	(307.614)	(436.393)
Bankakostnaður	(253.808)	(247.821)
Dráttarvaxtagjöld	(37.160)	(42.291)
Gengistap	<u>(1.291.898)</u>	<u>(709.627)</u>
	(2.494.480)	(1.436.132)

Skýringar

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Innréttingar og húsgögn	Tölvubúnaður og áhöld	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í upphafi rekstrarárs	21.317.500	8.380.027	4.334.025	34.031.552
Eignfært á rekstrarárinu	58.187.837	2.406.908	0	60.594.745
Selt og aflagt á árinu	(21.317.500)	(5.948.399)	0	(27.265.899)
Staða í lok rekstrarárs	58.187.837	4.838.536	4.334.025	67.360.398
Afskriftir				
Staða í upphafi rekstrarárs	3.199.929	4.322.887	3.126.979	10.649.795
Afskrift á rekstrarárinu	792.194	698.268	887.817	2.378.279
Selt og aflagt á árinu	(3.448.633)	(3.135.592)	0	(6.584.225)
Staða í lok rekstrarárs	543.490	1.885.563	4.014.796	6.443.849
Bókfært verð				
Bókfært verð í upphafi rekstrarárs	18.117.571	4.057.140	1.207.046	23.381.758
Bókfært verð í lok rekstrarárs	57.644.347	2.952.973	319.229	60.916.549
Afskriftarhlutföll	2%	10%	30%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í lok rekstrarárs greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat
Skipholt 50c, Fnr 222-6443	33.750.000	49.981.000

6. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.07.2016	31.07.2015
Innlendar viðskiptakröfur	33.135.672	18.924.610
Kortakröfur	1.836.714	3.680.585
	34.972.386	22.605.195

Aðrar skammtímakröfur

	31.07.2016	31.07.2015
Fyrirframgreiddur kostnaður v/ íslenskra nema	7.269.190	9.759.709
Annar fyrirframgreiddur kostnaður	42.057	95.560
Fyrirframgreiddir styrkir til nema	1.500.000	1.000.000
	8.811.247	10.855.269

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.07.2016	31.07.2015
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	132.835.439	138.604.508
	132.835.439	138.604.508

Skýringar

7. Eigið fé

	Bakhjarlaframlag	Sérstakur endurmatsreikningur	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.8.2014	234.971	9.676.873	47.930.726
Hagnaður rekstrarársins	0	0	11.359.878
Eigið fé 1.8.2015	234.971	9.676.873	59.290.604
Upplausn endurmats	0	(9.676.873)	9.676.873
Hagnaður rekstrarársins	0	0	36.510.654
Eigið fé 31.7.2016	234.971	0	105.478.131

8. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.07.2016	31.07.2015
Innlendar viðskiptaskuldir	1.701.088	434.282
Erlendar viðskiptaskuldir	3.315	0
Ógreiddir styrkir til Hollvina AFS	2.000.000	0
	3.704.403	434.282

Aðrar skammtímaskuldir

	31.07.2016	31.07.2015
Ógreidd opinber gjöld	1.150.856	912.345
Ógreidd laun og launatengd gjöld	3.089.470	1.617.809
	4.240.326	2.530.154

9. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru tilkomnar vegna nemenda sem fara erlendis á vegum félagsins á næsta rekstrarári. Viðkomandi nemendur hafa greitt staðfestingargjald fyrir þann 31.7.2016 ásamt því að þeir hafa skuldbundið sig til greiðslu á þátttökugjöldum.

10. Skattamál

AFS á Íslandi eru félagasamtök þar sem fjármagn og tekjuafgangur er notaður til almannaheilla. Félagið fellur því undir 5. tl. 4 gr. Laga nr. 90/2003 og greiðir því ekki tekjuskatt.

11. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 22. september 2016.

Sundurliðanir

	1.8.2015- 31.7.2016	1.8.2014- 31.7.2015
Rekstrartekjur		
Þátttökutekjur	134.260.800	122.856.500
Þátttökutekjur erlendra nema	16.518.752	12.476.219
Umsóknargjöld	608.000	1.177.000
Vegabréfsáritanir	1.013.295	994.572
Styrkir	1.945.589	641.695
Félagsgjöld	70.000	1.195.400
Tjónabætur	0	68.584
	<u>154.416.436</u>	<u>139.409.970</u>
Rekstrargjöld íslenskir nemar		
Þátttökugjöld	39.244.094	33.117.638
Ferðakostnaður	16.319.918	16.236.869
Sjúkratryggingar nema	5.678.953	5.133.265
Vegabréfsáritanir	741.567	1.215.519
Námskeið	794.485	987.670
Samningar, bolir og annar kostnaður	68.200	20.000
Þátttökugjöld greidd til AFS INT	6.334.796	5.993.938
Styrkveitingar til nema	1.000.000	1.500.000
Rekstur UKA kerfis	608.836	496.444
Lækna og sjúkrakostnaður	283.743	92.071
	<u>71.074.592</u>	<u>64.793.414</u>
Rekstrargjöld erlendra nema		
Skólagjöld	726.110	706.634
Námsbækur	380.363	540.201
Skólaakstur og SVR	7.600	97.550
Annar skólakostnaður	211.000	212.500
Flug og ferðakostnaður	512.872	489.834
Námskeið	521.211	533.944
Menningarhelgi	488.167	745.066
Lækna og sjúkrakostnaður	362.944	(2.682)
Lokadvöl EOS	127.368	191.066
Annar kostnaður	47.137	257.373
Fósturfjölskylduöflun	166.985	131.922
	<u>3.551.757</u>	<u>3.903.408</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	37.351.857	29.119.209
Bifreiðastyrkir	400.000	639.000
Samgöngustyrkir	235.000	0
Tryggingagjald	3.053.251	2.445.943
Lífeyrissjóður	3.693.088	2.732.491
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður	575.369	436.920
Aðrir sjóðir	42.840	37.860
Áunnið orlof, breyting	1.186.038	(387.941)
Annar starfsmannakostnaður	383.585	957.288
	<u>46.921.028</u>	<u>35.980.770</u>

Sundurliðanir

	1.8.2015- 31.7.2016	1.8.2014- 31.7.2015
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Dátttökugjöld til dvalarlanda	0	19.650
Auglýsingar sendra	1.466.099	2.179.762
Auglýsingar hýstra	0	463.258
Kynningarefni	1.003.819	518.065
Annar kostnaður v/ markaðsmála	391.418	133.652
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	900.114	603.536
Sími og internet	1.119.893	700.715
Burðargjöld	159.561	81.452
Pappír, prentun og ritföng	88.819	408.786
Bókhald, reikningsskil og skattskil	1.699.874	1.294.040
Önnur aðkeypt þjónusta	309.808	0
Fundir og deildarstarf	1.531.166	1.044.898
Framlag til deilda	237.500	100.000
Námskeið sjálfbóðaliða innanlands	124.982	0
Sjálfbóðaliðar erlendis	1.946.914	1.278.281
Námskeið, fundir og ferðakostnaður starfsmanna	3.600.532	805.999
Heimsping	3.228	1.197.812
EFIL, fundir yfirstjórnar	269.177	542.262
Önnur aðildargjöld	88.300	0
Gjafir og styrkir	140.373	0
Risna	51.998	64.310
Tryggingar	64.136	61.576
	15.197.711	11.498.054
Annar rekstrarkostnaður		
Rafmagn og hiti	196.652	241.094
Fasteignagjöld	844.355	467.373
Vátryggingar húsnæðis	113.558	86.202
Öryggisþjónusta	196.330	139.140
Ræsting og hreinlætisvörur	630.243	597.227
Annar húsnæðiskostnaður	1.066.018	124.698
Viðhald áhaldna og tækja	716.057	78.357
Aðkeyptur akstur	111.170	1.900
Smááhöld	1.697.245	1.425.077
Viðhald áhaldna og tækja	113.296	39.690
Ýmis kostnaður	1.497.795	161.178
	7.182.719	3.361.936
Samvinna		
EVS Evrópa unga fólksins	1.007.869	1.452.434
Rannsóknir	0	1.250.000
Skóla og fræðslumál	0	280.611
	1.007.869	2.983.045
Aðildargjöld til samstarfsaðila		
Stjórnunarkostnaður til AFS INT	3.178.750	3.499.578
Aðildargjöld EFIL	1.182.582	788.750
Félagsgjöld LÆF	0	5.000
	4.361.332	4.293.328

AFS.IS

